

SAMFÉLAGIÐ OKKAR

Skylduverkefni
Samvinnuverkefni

Hvað er samfélag?

Hvað einkennir samfélög?
Hvernig eru þau skipulögð?

Hvað þarf að vera til staðar í samfélögum svo þau virki best?

Viðmið um árangur:

- Ég get búið til samfélag þar sem að umhverfismarkmið koma fram.
- Ég get sýnt fram á að ég hafi aflað mér upplýsinga um það hvernig samfélög virka.
- Ég get unnið í samvinnu við aðra að uppbyggingu og gerð samfélags
- Ég get notað sjálfbæra lífshætti til að búa til eigið samfélag.
- Ég get áttað mig hvað sé munaður og hvað sé nauðsyn þegar kemur að uppbyggingu samfélags.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- geti fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.
- geti útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.
- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- geti rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum.
- Tekið þátt í og útskýrt reynslu sína og niðurstöðu af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag.
- Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.

Hannið ykkar eigið samfélag

Skráið niður hvað ykkur dettur í hug hvað samfélag þarf að hafa til að það virki. Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram í verkefninu ykkar:

Sorphirða náttúra lifnaðarhættir	endurvinnsla samgöngur sjálfbær þróun	flokkun reglur auðlindir	orkunotkun skipulag vistspor
---	--	---	---

Hverjir búa í samfélaginu og á hverju lifa þeir?
Hvernig passa heimsmarkmið SP inn í samfélagið ykkar?

Verkefnið:

- Búa til kynningarmyndband eða auglýsingu fyrir samfélagið ykkar þar ofangreind atriði koma fram?
- Hannið merki/ skjaldamerki/ tákn fyrir samfélagið.
- Gerið 3D/ þrívíddar sýn af samfélaginu. Þið getið til dæmis búið til samfélagið í Minecraft, SIMs, stop motion, teikna það upp, föndrað og svo framvegis.
- Hannið flík sem sem þið hafið endurhannað úr gömlum flíkum.
- Í lokin verður sýning á verkefninu. Þar útbúið þið bás og sýnið afraksturinn.

Afurð: sýningarbás með auglýsingu/kynningarmyndbandi um samfélagið, 3D/ þrívíddar sýn af samfélaginu (Minecraft, líkan af húsi eða hluta af samfélaginu o.s.frv.), merki samfélagsins og flík sem sem þið hafið endurhannað úr gömlum flíkum.



Það á að skila þessu verkefni 28. apríl.